

Efnisyfirlit

Yfirlit ársins	bls.2
Stjórn	bls.2
Starfsfólk	bls.2
Breytingar á lögum	bls.2
Breytingar á virðisauka	bls.2
Skógarplöntuframleiðsla	bls.3
Dreifingastöðvar	bls.3
Fjárlög næsta árs	bls.3
Kynningar og fræðslumál	bls.3
Taxtar Suðurlandsskóga	bls.4
Framvinda verkefnisins	bls.5
Búskaparhættir	bls.5
Framkvæmdir Sls	bls.6
Yfirlit framkvæmda	bls.6
Gróðursetning	bls.6
Skógrækt	bls.6
Skjólbelti	bls.7
Tilraunir og styrkir	bls.7
Yfirlit skógræktarframkv	bls.8
Yfirlit sjólbeltaframkv	bls.9
Áætlanagerð	bls.10
Aðgerðaráætlun	bls.10
Skráning Gróðursetninga	bls.11
Fjármagn Sls og skipting	bls.12
Samanburður á milli ára	bls.13
Ýmsar myndir	bls.14



Myndin tekin af Böðvari
Guðmundssyni
áætlunarfulltrúa
Suðurlandsskóga árið 2004
í skógarreit á Gjögnum í
Mýrdal

Yfirlit ársins 2005 hjá Suðurlandsskógum.

Stjórn

Stjórn Suðurlandsskóga var óbreytt frá árinu áður og er skipuð þeim Garðari Hannessyni formanni stjórnar, Jóni Loftssyni fulltrúa Skógræktar ríkisins og Jóni Hólmi Stefánssyni fulltrúa skógarbænda. Stjórnin hélt alls 9 fundi á árinu.

Starfsfólk

Á árinu unnu auk framkvæmdastjóra hjá Suðurlandsskógum þau Anna Björg Níelsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Hallur Björgvinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Hrönn Guðmundsdóttir. Svæðisfulltrúi í A-Skaftafellssýslu, Rannveig Einarsdóttir, hætti störfum um mitt ár. Jón Þór Birgisson nemi í skógrækt vann um styttri tíma að ákveðnum verkefnum. Björgvin Eggertsson lauk úttekt á árangri í skógrækt á einstökum jörðum. Helstu niðurstöðu úttektarinnar er að finna aftar í skýrslunni.

Breytingar á lögum

Endurskoðun laga um landshlutaverkefni standa nú yfir og er gert ráð fyrir að á næsta ári taka ný lög gildi sem taka þá yfir eldri lög um landshlutaverkefni, þar á meðal lög um Suðurlandsskóga.

Stjórnskipulag Suðurlandsskóga



Mynd 1. Stjórnskipulag Suðurlandsskóga

Í þessari skýrslu er að finna gott yfirlit yfir framkvæmdir á árinu 2005 á bújörðum. Almenn samantekt er einnig um framgang verkefnisins m.a. um fjölda samninga ofl.

Breytingar á virðisauka

Á síðasta ári náðist samkomulag við ríkisskattsjóra um að fella niður sérstaka yfirlýsingu vegna endurgreiðslu á virðisauka í skógrækt. Þess í stað komi eftirfarandi

texti inn í alla nýja samninga sem gerðir eru við skógarbændur:

Skógarbóndi samkvæmt samningi þessum getur sótt um skáningu á virðisaukaskattskrá skv. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996 um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila. Ákvörðunarvald um skráningu er í höndum skattstjóra, sem leggur mat á það hvort öll skilyrði til skráningar eru uppfylltar. Á grundvelli þeirra skráningar getur skógarbóndi fengið virðisaukaskatt, af aðföngum er eingöngu varða umsamda nytjaskógrækt, endurgreiddan í formi innskatts með þeim takmörkunum sem leið af lögnum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerð nr. 192/1993, um innskatt. Verði breyting á notum, eignarheimild eða afnotarétti umsamins lands til nytjaskógræktar, ber skógarbónda að tilkynna skattstjóra þar um áður en not breytast eða þinglýst er eignarheimild eða leigusamningi. Skógarbónda sem hættir nytjaskógrækt, tilkynnir sig af þeim sökum út af virðisaukaskattskrá eða er tekinn af grunnskrá á grundvelli úrskurðar skattstjóra, ber að telja til skattskyldrar veltu verðmæti véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna. Miða ber verðmæti (skattverð) viðalmennt gangverð á þeim tíma þegar starfsemi er hætt. Innskatt vegna framkvæmda á fasteignum, sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 192/1993, ber hins vegar að leiðrétta (bakfæra) í samræmi við ákvæði 14. gr. sömu reglugerðar, ef fasteign er seld, leigð eða

tekin til annarra nota þar sem ekki heimilast innskattsfrádráttur eða minni innskattsfrádráttur. Leiðréttingarskyldan varir í 10 ár, talið frá og með þeim mánuði þegar framkvæmd fór fram.

Skógarplöntuframleiðsla:


Endurnýjaðir voru samningar og gerðir nýir um framleiðslu á u.þ.b. 1 milljón plantna fyrir árið 2006. Auk þess voru boðnar út 320 þúsund plöntur sem skulu settar á frysti haustið 2006 og afhentar vorið 2007. Samkomulag varð um að plöntuframleiðendur fái samning til fimm ára. Fyrst er samið til þriggja ára sem framlengist til tveggja ára í viðbót ef bæði kaupandi og framleiðandi eru sáttir um gæði og verð. Strangar kröfur eru gerðar um eftirlit framleiðslunnar og öllu ferlinu þar til plantan fer inn á frysti og fram að afhendingu. Nokkrar prófanir eru gerðar á rannsóknarstofu til að kanna ástand plantnanna og er þetta ný tækni sem er verið að taka í notkun

Dreifingastöðvar

Plöntudreifing var á fjórum stöðum á árinu 2005, þ.e. í Björnskotu, á Tumastöðum, í Prestbakkakotu og í Dilksnesi.

Fjárlög næsta árs

Suðurlandsskógar fengu á fjárlögum fyrir árið 2005 115 milljónir króna, en fjárlög ársins 2006 gera ráð fyrir 120,2 milljónum króna til Suðurlandsskóga.



Mynd 2. Samanburður á fjárframlagi til Suðurlandsskóga frá 1998-2005.

Kynningar- og fræðslumál

Tveir hópar eru í námi í Grænni skógum á Suðurlandi. Starfsmenn Sls sóttu að venju nokkur námskeið á árinu og tveir starfsmenn eru í framhaldsnámi í skógfræðum við LBHÍ.

Björn B. Jónsson framkvæmdastjóri Sls



Austur-Skaftfellingar í vettvangsferð með Grænni skógum.

Taxtar Suðurlandsskóga

Gróðursetning	fp	
Útplöntun	24	11,18
Útplöntun	35	11,18
Útplöntun	40	9,83
Útplöntun	67	8,18
Stikklingar		4,66
Íbætur:		4,24
Áburðagjöf		
Áburðargjöf		3,11
Áb gjöf í holu og á eldri gr		5,38
Plöntuflutningar		
Plöntuflutningar		0,72
Jarðvinnsla		
Vélflekking (skógarstj) pr ha		13191
Handflekking (20x20)pr plöntu		5,9
Erfið handflekking (20x20)		8,7
Flekking m vélorfi.		5,9
Plæging (plöntuplógur) pr ha.		12.177
Plæging pr ha. Plægt í eina átt.		19.280
Herfing TTS pr ha		10.147
Álagsprósentur		
TTS herfi		TTS
Venjulegt land Grunnjald		10147
Álag % við jarðvinnslu		
1 Grjót á yfirborði eða í undirlagi	20%	12176
2 Land með halla yfir 20%	20%	12711
Pó aldrei meir en 30% álag.	30%	13191
3. Mjög óslétt land með	> 50%	15221

Plógar		Plogur
Venjulegt land Grunnjald		12177
1 Grjót á yfirborði eða í undirlagi	20%	14612
2 Land með halla yfir 20%	20%	14612
Pó aldrei meir en 30% álag.	30%	15830
Skógarstjarna.		Sk.stj
Venjulegt land Grunnjald		13.191
Álag % við jarðvinnslu		
1 Grjót á yfirborði eða í undirlagi	20%	15.829
2 Land með halla yfir 20%	20%	15.829
Pó aldrei meir en 30% álag.	30%	17.148
3. Mjög óslétt land með	> 50%	19.787

Stofnkostnaður girðinga


Flokkur I 0-50	17.624
Flokkur II 50-100	8.811

Viðhaldskostn girðinga	
Flokkur I 0-25	14.554
Flokkur II 25-50	21.831
Flokkur III 50-100	29.108
Flokkur IV 100-150	36.385
Flokkur V 150-225	43.663
Flokkur VI 225-300	50.940
Flokkur VII 300-400	58.217
Flokkur VIII 400-500	65.494
Flokkur IX 500-625	72.771
Flokkur X 625-750	80.048
Flokkur XI 750-900	87.325
Flokkur XII 900-1050	94.602



Mynd skemmtilegu skjólbeltaneti á Efra Seli við Flúðir. Tekin af Hörpu Dís Harðardóttir svæðisstjóra Suðurlandsskóga í Árnassýslu árið 2004

Kökuritið hér að neðan sýnir okkur stærð samningssvæða sem búið er að gera samninga um skipt eftir sýslum.



Framvinda verkefnisins

Á starfssvæði Suðurlandsskóga er unnið að skógrækt og skjólbeltum á 237 jörðum. 122 jarðir eru með samning um skjólbeltarækt, 86 jarðir eru með skógræktarsamning og 9 jarðir eru með samning um hvorutveggja. Auk þess sem töluvert af jörðum eru í samningaferliferli. Skrifað var undir samninga við níu nýja skógarbændur árið 2005 um nytjaskógrækt á rúmlega 600 hekturum lands. Stærð samningssvæða sem búið er að gera samninga um er í heildina 7,321 hektari.

Undanfarin ár hafa skjólbeltasamningum fjölgað töluvert, sem dæmi má nefna, þá fjölgaði þeim um 8 á síðasta ári.

Búskaparhættir

Fólk veltir stundum fyrir sér, fyrir hverja landshlutabundin skógræktarverkefni eru. Verkefnin eru fyrir bændur á bújörðum með það að markmiði að rækta nytjaskóg og skjólbelti á bújörðum og stuðla að þróun og viðhald byggð á starfssvæði sínu.


Langflestir bændur sem stunda skógrækt eru með fasta búsetu á jörðum sínum og stunda annan búskap með, ýmist kúa- fjárbúskap, eða annan landbúnað samhliða skógræktinni.

Skipulagning og eftirlit með framkvæmdum er í höndum Suðurlandsskóga auk þess sem þeir sjá um ráðgjöf til framkvæmdaraðila.

Verkferlið er í fjórum liðum:

- Samningur er gerður um það land sem tekið er til skógræktar.
- Unnin er skógræktaráætlun í samvinnu við landeigenda.
- Friðun samningssvæðis fyrir ágangi búfjár.
- Skógræktarframkvæmdir hefjast. Fagleg umsjón og eftirlit er í höndum verkefnanna, en landeigandi sér um framkvæmdirnar eða fær til þess verktata.

Samanburður á fjölda jarða í Suðurlandsskógum og fjölda jarða með fasta búsetu



Súluritið hér að ofan sýnir samanburð á fastri búsetu bænda í Suðurlandsskógum og fjölda jarða sem taka þátt í verkefninu. Dekkri súlan sýnir fjölda jarða í verkefninu en ljósari sýnir þann fjölda sem hefur fasta búsetu.

Framkvæmdir Suðurlandsskóga

Yfirlit framkvæmda

Vorið og sumarið 2005 var ekki mjög hagstætt okkur skógarfólki. Það voraði snemma, allt leit vel út og allir fullir tilhlökkunar og framkvæmdagleði en þá kom kuldakastið sem við eigum reyndar alltaf von á alveg fram í miðjan júní. Töluvert næturfrost kom nótt eftir nótt í byrjun maí. Frostið fór niður í -7,9 þann 18 maí. Eins og gefur að skilja var þetta plöntunum sem komnar voru á dreifingarstöðvarnar mjög erfitt og urðu nokkrar skemmdir á plöntum. Þegar vetur er mildur alveg fram á vorið missa plönturnar frostþolið og þola þess vegna frosthörkur vorsins mjög illa. Rótarkal er skemmd sem erfitt er að greina strax að vori og því höfum við lent í því að vera búin að planta út plöntum sem eru með skemmda rót.



Sjokkeraðar furur eftir kuldakastið í vor í dreifingarstöð vorið 2005.



Frostskemmd í alaskaösp vorið 2005

Þessar plöntur eiga mjög erfitt uppdráttar þegar þær eru komnar út í feltið og tekst oft ekki að ná upp vatni eða rötfestu og drepast þá um mitt sumar. Spannandi verður að fylgjast með þeim plöntum sem Suðurlandsskógar fá afhendar vorið 2007 út af



Hér sjáum við frostsprungna úðara og grýlukerti á qirðinum.

frystigeyslu. Þá er plantan ekki búin að tapa frostþolinu að vorinu og ætti því að þola hörkur vorsins mun betur.

Miklir þurrkar, vindur og kuldi einkenndi fyrstu dagana í júní og þurftum við af þeim sökum að stoppa alla útplöntun. En þrátt fyrir allar þessar hrakfarir sem yfir okkur dundu þetta vorið tókst okkur að planta nær öllum plöntum og leggja út töluvert af skjólbeltum. Án efa kemur vorið í ár til með að koma okkur á óvart með duttlungum sínum og að sjálfsögðu tökumst við á við það með sól í hjarta eins og vant er.

Með skógarkveðjum Harpa Dís

Gróðursetning

Heildarmagn plantna sem gróðursettar voru bæði í nytjaskóg og skjólbelti var tæp **tólfhundrað þúsund plöntur**. Skiptingin á milli verkefna var þannig að í skógrækt var plantað 949.346 plöntum, 225.916 plöntur í skjólbelti og 13.844 í önnur verkefni eins og t.d Gróðgur fyrir fólk en við höfum verið í samstarfi við þetta verkefni í 3 ár.

Skógrækt

Fjöldi plantna í skógrækt, skipting á milli sýslna var þannig að í Gullbringusýslu voru gróðursettar 4.535 plöntur en tvær nýjar jarðir þar eru farnar af stað í skógrækt. Í Árnessýslu voru gróðursettar 325.139 plöntur, 454.350 í Rangárvallasýslu sem hefur vinninginn eins og á síðasta ári. 158.289 plöntur í Vestut-Skaftafellssýslu og 7033 plöntur í Austur-Skaftafellssýslu. Þeir sem voru afkastamestir í gróðursetningum voru skógarbændurnir á Keldum með um 149 þús. plöntur og Ytra-Seljaland með um

75 þús. plöntur en báðar þessar jarðir eru í Rangárvallasýslu og svo Skaftárdalur í V-Skaftafellssýslu með um 67 þús. plöntur. Hluti af gróðursetningu á Keldum fór fram í haust vegna þess að ekki tókst að klára vorgróðursetningu á réttum tíma.

Skjólbelti

225.916 plöntur voru gróðursettar í skjólbelti í heildina. Langmest var lagt út í skjólbelti í Rangárvallasýslu eða 185.674 plöntum. Í Árnassýslu fór í skjólbelti 32.769 plöntur, í V-Skaftafellssýslu 1.420 plöntur og 5.183 plöntur í A-Skaftafellssýslu. Einungi var gróðursett í skjólbelti í Gullbryngusýslu um 870 plöntum, en þar er aðeins ein jörð sem hefur lagt út skjólbelti með plasti, en aðrir hafa gróðursett í skjóleyjar. Ástæðan fyrir þessu er sú að landið sem þessir bændur eiga er mjög grýtt og því erfitt að jarðvinna.


Tilraunir og styrkir

Suðurlandsskógar hafa styrkt verkefnið Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs með því að útvega verkefninu plöntur sem notaðar hafa verið á Reykjanesi. Fjöldi plantna sem fór til þeirra árið 2005 voru rúmar 13 þúsund.


Á listanum hér til hliðar sjáum við heildarfjölda gróðursettra og skiptinguna á milli tegunda sem fór í skógrækt og skjólbeltarækt.

Ilmbjörk	261.340
Mýrarlerki	3.380
Sitkagreni	344.634
Blágrein	38.600
Hvítgrein	16.336
Stafafura	136.852
Bergfura	5.840
Skógarfura	1.680
Lindifura	1.855
Fjallapínur	280
Sitkælri	69.222
Alaskaösp	166.173
Ilmreynir	17.393
Hlynur	504
Víðir	112.262
Rifs/sólber	2.660
Rós	280
Toppar	910
Annað	8.905
Samtals	1.189.106

Gróðursettar plöntur í skógrækt og skjól beltisækt eftir sýslum




Hlutfall plantna eftir verkefnum



Mynd tekin af Böðvari Gu'mundssyni af sitkagreni á Snæfoksstöðum.

Yfirlit skógræktarframkvæmda


Sýsla	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Reynir	Ösp	Lerki	Víðir	Samtals
Gullbr	160	480		80	105		315		3.395	4.535
Árn	16.327	25.780	-	67.232	195.225	2.485	10.010	3.880	4.200	325.139
Rang	15.743	178.120	10.418	72.090	109.150	315	65.574	-	2.940	454.350
V-Skaft	10.260	26.280	12.403	5.360	73.116	-	13.335	-	17.535	158.289
A-Skaft	776	1.120	-	-	3.360	130	420	-	1.227	7.033
Samtals	43.266	231.780	22.821	144.762	380.956	2.930	89.654	3.880	29.297	949.346



Taflan sýnir okkur þann fjölda plantna í hverri tegund sem gróðursett var í hverja sýslu. Eins og áður hefur komið fram var mest gróðursett í Rangárvallasýslu. Munurinn á Rangárvallasýslu og Árnessýslu felst mest í því að þó færri skógarbændur séu í Rangárvallasýslu þá eru fleiri stórir samanber að á Keldum voru gróðursettar tæpleg 150 þúsund plöntur. Súluritið sýnir stöðuna myndrænt.

Yfirlit skjólbeltaframkvæmda

	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Reynir	Ösp	Víðir	Samtals
Gullbr	40	160	-	40	-	-	105	525	870
Árn	3.864	760	-	75	2.730	245	16.415	8.680	32.769
Rang	26.362	20.000	1.960	1.280	7.380	1.575	58.222	68.895	185.674
V-Skaft	180	120	-	-	-	-	525	595	1.420
A-Skaft	1.386	600	-	70	105	135	542	2.345	5.183
Samtals	31.832	21.640	1.960	1.465	10.215	1.955	75.809	81.040	225.916



Taflan sýnir fjölda plantna sem gróðursett var í hverri tegund í skjólbelti. Athygli vekur hversu mikið var gróðursett í Rangárvallasýslu en skýringin er sú að á þremur jörðum voru lagðir út um 165 km. Plöntufjöldinn sem fór í þessi beltí var um 165 þúsund plöntur. Súluritið sýnir þetta myndrænt.

Áætlanagerð

Gerðar voru ræktunaráætlanir fyrir sex skógarjarðir á árinu 2005. Um er að ræða 4 jarðir í Árnassýslu, 1. jörð í Rangárvallasýslu og 1. í Vestur-Skaftafellssýslu. Heildarstærð skógræktarsvæðis sem bættist við er um 329 hektarar.


Aðgerðaáætlanir (Driftsplön)

Haldið var áfram þar sem frá var horfið 2004 við að taka upp eldri skógræktaráætlanir, framkvæmdir skoðaðar og gerðar aðgerðaáætlanir. Tekin var út ein jörð í Árnassýslu, þrjár í V-Skaftafellssýslu, ein í A-Skaftafellssýslu og byrjað á annarri.

Enn er eftir að taka út um 20 jarðir sem stefnt er að klárað verði á næstu árum.



Myndin til vinstri er að starfsmönnum Suðurlandsskóga, þeim Böðvari og Björgvin að vinna við úttekt á gróðursetningum í Austur-Skaftafellssýslu. En myndin til hægri er af reitakort á skógarjörðinni Hrafnabjörgum í Hrunamannahreppi



Skráning gróðursetninga


Breyting varð á skráningu gróðursetninga á árinu 2005. Hver bóndi fékk í hendurnar sérstaka möppu með loftmynd af skógræktarlandi sínu með reitakorti á. Í möppuna fóru allir afhendingarseðlar frá dreifingastöðvunum. Á neðri hluta afhendingarseðilsins var skráningarblað.

Það sem skráð er á skráningablaðið er einnig fært inn á kortið. Aðgerðanúmer er skráð á kortið. Aðgerðanúmer verður til úr, númeri á afhendingarseðlinum og línunúmeri. Á hvert gróðursetningablað má aðeins skrá upplýsingar er varða viðkomandi plöntugerð sem skráðar eru efst á blaðið og fylgir plöntunum.

Þessar upplýsingar eru svo færðar inn í gagnagrunn.

Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir því bændur skrá upplýsingarnar jafn óðum og gróðursetning fer fram og öll skráning verður nákvæmari.

Á myndunum hér til hliðar er sýnishorn af korti og skráningarblaði. Örin sýnir hvernig upplýsingarnar á skráningablaðinu er settar inn á kortið.



Útmörk gróðursetninga í reit eða hluta reits er dregin á kortið. Rekjanleiki þarf að vera milli korts og gróðursetningarblaðs.

Gróðursetningablað 0352

Afhendingarseðill: Ar 2004, Jord Ásgarður, Framl.: SLS 10.1

Tegund: STAFAPURA, Kvæmi: SKAGWAY, Aldur: 1/0, 4/0, Framnúmer: C00007, Framl.stöð: Hólakú

Afh.azur: Björnset 2/5, 9B, Dags: 37, Fl.í mál: 1480, Plöntufjöld: 700007, Aðgusamdr.: Fokkas smá eu smá.

Samtals: 37 1480.

Aðgerðanúmer verður til úr seðlanúmeri og línunúmeri til 154-1, 154-2 og sv. og notast á korti og á samantektarblaði.

Afh.azur	Plöntu ger.	Íst.	Íst. reit	Dags	Fl.í bakka	Fj. pl.	Jörð	Áb. teg.	Áb. dags	BÍ	Stærð	Athugasemdr.
0352	1	45	A	30/5	37	1480	0	4000	3/5	2x1/0	100	SILV. rök
	2											
	3											
	4											
	5											
	6											
	7											
	8											
	9											
	10											
	11											
	12											
	13											
	14											
	15											
	16											

Samtals: 37 1480.

Á hvert blað má aðeins skrá upplýsingar um eitt plöntukvæmi. Blaðinu skal skila til svæðisráðgjafa fyrir uppgjöf 1/7 eða 1/12.


0352 1 Rýrrei ekki með á blaðið

Ef oftast en einu sinni er sótt úr sama plöntu-partíi, má skrá oft á sama seðilinn. Taka verður seðilinn með í afhendingastöð til innfærslu.

Fjármagn Suðurlandsskóga og skipting þess.


Á fjárlögum 2005 fékk Suðurlandsskógar 115 milljónir króna til ráðstöfunar. Á töflunni hér fyrir neðan sjáum við hvað hver liður í rekstri Suðurlandsskóga kostaði árið 2005. Kökuritið sýnir hlutfallaskiptinguna á milli kostnaðarliða

Rannsóknir og þróun	1.601.509
Áætlanagerð	7.009.992
Stofnkostnaður	290.948
Laun, stjórn og rekstur	20.341.005
Skjólbelti	12.340.266
Skógrækt	71.016.141
Samtals	112.599.861



Eðli	Alls
Áburður	1.989.328
Flutningur	678.605
Girðingar stofnk.	3.137.672
Girðingar viðh.	1.484.508
Jarðvinnsla	1.669.577
Kíllþæging	663.000
Plöntur	30.666.287
Plast	1.802.724
Skurðgröftur	1.451.907
Slóðagerð	1.997.615
Vinna v/skjólb	4.601.122
Vinna v/skógr	17.410.820
Ýmislegt	1.429.381
Samtals	68.982.545



Taflan hér til hliðar sýnir kostnaðarskiptingu á verkþáttum í skógrækt og skjólbeltarækt. Langstærstu kostnaðarliðirnir eru plöntur og vinnulaun vegna framkvæmda í skógrækt. Inn í þessa tölu vantar umsjónarkostnað.



Samanburður á heildarfjölda skógar og skjólbeltaplantna á milli ára 1998-2005

Búið er að gróðursetja tæplega 7 miljónir plantna frá upphafi Suðurlandsskóga bæði í skjólbelti og skógrækt. Víða er farið að bera þess merki að skógur er að rísa á Suðurlandi og á mörgum stöðum eru farin að sjást gróskumikil skjólbelti.

Heildargróðursetning samanburður á milli ára



Heildarfjöldi plantna sem gróðursettar hafa verið í skógrækt og skjólbelti frá árinu 1998 er kominn í 6,809,517 plöntur. Langmest er gróðursett af birki, sitkagreni, alaskaösp, víði og stafafuru. Aðrar tegundir eru notaðar til íblöndunar, svo skógurinn verði ekki einsleitur. Birki og önnur lauftré eru mikið notaðar í skógarjaðra til að mýkja ásýndina. Á súluritinu sést aukningin í fjölda plantna sem gróðursett er í skógrækt og skjólbelti á milli ára. Heildarfjöldinn hefur nánast þrefaldast frá 1998. En kökurið sýnir tegundaskippinguna.

Ýmsar myndir frá starfsári Sls 2005



10. júní 2005 bauð upp á kynnisferð um starfssvæði Suðurlandsskóga. Farið var á nokkra staði í Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Fyrsta myndin er tekin í Björnaskoti á Skeiðum þar sem skoðuð var dreifingarstöð Suðurlandsskóga í Árnessýslu. Hinar tvær myndirnar eru teknar á Reykhól á Skeiðum þar sem sýnd var skjólbeltaklipping með nýjum tækjum. Boðið var upp á súpu í gamla fjósinu á Reykhól en Hallur Björgvinsson kynnti skjólbeltarækt Suðurlandsskóga fyrir gestum.



Starfsmenn Suðurlandsskóga fóru til Svíþjóðar á árinu á eina stærstu skógarsýningu í Evrópu. Á efri myndinni eru Hallur Björgvinsson og Björgvin Örn Eggertsson að skoða jarðvinnslutæki en á neðri myndinni er Hallur við skógarreit sem hafði farið mjög illa í hvirfilbil sem gekk yfir Evrópu.



Efri myndin sýnir starfsfólk Suðurlandsskóga að skoða skógræktina á Snæfoksstöðum undir leiðsögn Bóðvars Guðmundssonar. Neðri myndin sýnir starfsmenn verkefnanna sem tekin var í ferð um Vestfirði í boði SKjólsskóga